

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 21/1991,**  
**um gjaldþrotaskipti o.fl.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við XXVII. kafla laganna bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Að því leyti sem í ákvæðum 2. mgr. 131. gr., 2. mgr. 132. gr., 2. mgr. 133. gr., 2. mgr. 134. gr., 2. mgr. 137. gr. og 2. mgr. 138. gr. laganna er kveðið á um tuttugu og fjögurra mánaða frest skal sá frestur vera fjörutíu og átta mánuðir í þeim málum sem höfðuð eru fyrir árslok 2012.

Jafnframt skal sex mánaða málshöfðunarfrestur í 148. gr. laganna vera tólf mánaða frestur fram til ársloka 2012.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. apríl 2010.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

**Ragnheiður Ríkharðsdóttir.**  
(L. S.)

**Ingibjörg Benediktsdóttir.**

*Ragna Árnadóttir.*